

Fundargerð 447

Föstudaginn 17. febrúar 2017 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Karl Björnsson, Lilja Sigurðardóttir, Oddný María Gunnarsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-9), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar E. Einarsson og Valdimar Hafsteinsson boðuðu forföll og höfðu varamenn þeirra ekki tók á að mæta.

Formaður setti fund kl. 10:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017
3. Veitt lán 2016 og staða lánasafnsins 31.12.2016
4. Tillaga um lækkun álags á óverðtryggðum lánnum
5. Tillaga um lán til nýsköpunarfyrirtækja
6. Fundargerðir lánanefndar
7. Staða gjaldeyrisjöfnunar – til upplýsingar
8. Staða lausafjár – til upplýsingar
9. Skýrsla regluvarðar fyrir árið 2016 og erindisbréf regluvarðar
10. Úttekt á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna
11. Nýbygging – staða mála
12. Beiðni Fljótsdalshrepps um samstarf um byggðapróunarverkefni
13. Önnur mál
14. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 446 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017

AP og SBS sögðu frá stöðu verkefna. AP upplýsti að starfsmaður sem hafði með málefni byggðamála að gera í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hefði hafið störf í innanríkisráðuneytinu. SBS sagði frá vinnu við upplýsingasöfnun um staðsetningu ríkisstarfsmanna.

3. Veitt lán 2016 og staða lánasafnsins 31.12.2016

AME fór yfir skýrslu um veitt lán árið 2016 og stöðu lánasafnsins í lok ársins. Umræður urðu um stöðu atvinnugreina og breytingar á skiptingu lánasafnsins.

4. Tillaga um lækkun álags á óverðtryggðum lánnum

AME kynnti minnisblað þar sem fram kom tillaga um lækkun álags á óverðtryggðum lánum. Lagt er til að álag ofan á REIBOR á óverðtryggð lán verði lækkað um 0,5%, úr 3,5% í 3,0% og álag á lán til stuðnings fyrirtækjareksturs kvenna lækki einnig um 0,5%, úr 2,5% í 2,0%. Lagt er til að lækkunin taki gildi 1. mars nk.

Samþykkt samhljóða.

5. Tillaga um lán til nýsköpunarfyrirtækja

AP og AME kynntu minnisblað um nýjan lánaflökk til nýsköpunarfyrirtækja. Í drögum að stefnumótandi byggðaáætlun 2017-2023, sem stefnt er að fái þinglega meðferð í byrjun árs, segir m.a.: „Aðgengi að fjármagni til nýsköpunar utan höfuðborgarsvæðisins hefur verið takmarkað, frumkvöðlar talið lítinn stuðning þar að finna og eftirsóknarvert fyrir byggðaþróun að bæta úr með betra aðgengi að þolinmóðu lánsfjármagni.“

Til að bregðast við þessu ástandi og skapa grundvöll til aukinnar nýsköpunar og þar með atvinnutækifæra á landsbyggðinni er lagt til að Byggðastofnun eyrnamerki um 100 mkr. lánsfé til nýsköpunarverkefna á starfssvæði sínu.

Eftirfarandi skilyrði gilda um lánaflökkinn:

- Eingöngu veitt til fyrirtækja í nýsköpun vegna eiginlegrar vöru eða þjónustu
- Lánstími að hámarki 5 ár
 - Heimilt verði að veita algjört greiðsluleysi fyrsta árið (afborganir og vextir)
 - Heimilt verði að veita vaxtagreiðslur eingöngu næstu tvö ár á eftir.
- Hámarkslánveiting verði 5mkr. í hvert verkefni
- Tryggingar verði í veðsetningu hugmyndar/vörumerkis/vöru/þjónustu
- Heimild verði til breytiréttar láns í hlutafé
 - Á fyrirfram ákveðnu gengi
- Eiginfjárframlag að lágmarki jafnhátt lánsupphæð
- Lántökugjald skv. gjaldskrá stofnunarinnar
- Reibor að viðbættu 3,5% álagi
- Skilyrði að fyrirtækið hafi áður fengið aðstoð og greiningu frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, endi liggi sú greining fyrir. Þar mun m.a. koma fram:
 - Nýsköpunarskali, þ.e.a.s. hve hátt er nýsköpunarstig verkefnisins.
 - Að heildarfjármögnun verkefnis af þróunarstigi á tekjuöflunarstig sé tryggð
 - Að verkefnið sé framkvæmanlegt og að lán verði endurgreitt
 - Niðurstaða/umsögn Nýsköpunarmiðstöðvar á umræddu verkefni
- Að öðru leyti vísast í almennar lánareglur stofnunarinnar

Litið er svo á að um tilraunaverkefni sé að ræða og verður það endurmetið á grundvelli reynslunnar af því að ári liðnu.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 3/17

AP og AME fóru yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 4/17
 AÞ og AME fóru yfir fundargerðina.
 Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 5/17
 AÞ og AME fóru yfir fundargerðina.
 Fundargerðin staðfest.

...

Fundargerð lánanefndar nr. 6/17
 AÞ og AME fóru yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

7. Staða gjaldeyrisjöfnuðar

MH fór yfir minnisblað umsjónarmanns áhættustýringar um stöðu gjaldeyrisjöfnuðar í lok árs 2016. Jöfnuður er umfram markmið í áhættustefnu en unnið er að því að minnka hann.

8. Staða lausafjár

MH fór yfir minnisblað umsjónarmanns áhættustýringar um stöðu lausafjár í lok árs 2016. Skv. minnisblaðinu uppfyllir stofnunin stefnu sína um handbært fé.

9. Skýrsla regluvarðar

HÁ fór yfir skýrslu regluvarðar vegna ársins 2016. Kynnti hann þau mál og reglubreytingar sem upp hafa komið á síðasta ári.

Lagt var fram erindisbréf regluvarðar vegna ársins 2017, Hjalti Árnason verður regluvörður og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir til vara.

Formaður bar upp erindisbréf regluvarðar vegna 2017 og var það samþykkt samhljóða.

HÁ vék af fundi.

10. Úttekt á starfi atvinnuþróunarfélaganna

AÞ og SBS fóru yfir minnisblað um fyrirhugaða úttekt á starfi atvinnuþróunarfélaganna.

Hugmyndin er að fá fram sjónarmið notenda, fulltrúa eigenda, sveitarstjórna, þátttakenda og starfsmanna. Reynt verði að kortleggja árangurinn af starfinu sem verið er að vinna.

Í umræðum kom fram að mismunandi væri eftir félögum hvernig þjónusta væri boðin. Mikilvægt að gerðar séu sambærilegar þjónustukröfur til félaganna.

Samþykkt var að fara í úttektina á grunni minnisblaðsins og þeirra umræðna sem fram fóru á fundinum.

11. Nýbygging staða mála

AP sagði frá niðurstöðu útboðs á hönnun nýs skrifstofuhúsnæðis en tilboð voru opnuð þann 6. febrúar sl. Eftirfarandi átta tilboð bárust:

• Úti og Inni sf. / VSB verkfræðistofa	kr. 20.180.000	47,71%
• Arkís arkitektar	kr. 28.100.000	66,43%
• VSÓ ráðgjöf	kr. 32.200.000	76,12%
• Kanon / Hnit	kr. 33.703.547	79,68%
• Conís ehf.	kr. 34.900.000	82,51%
• VA arkitektar / Efla	kr. 36.000.000	85,11%
• Verkís verkfræðistofa	kr. 36.100.000	85,34%
• A2F arkitektar	kr. 37.340.000	88,27%

Kostnaðaráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) var 42,3 mkr.

FSR hefur lokið yfirferð tilboða í verkið og er það mat stofnunarinnar að tilboð Úti og inni sf. / VSB verkfræðistofu sé hagstæðast. FSR mælir með að tilboði Úti og Inni sf. / VSB verkfræðistofu í verkefnið verði tekið.

Formaður lagði til að tilboði Úti og Inni sf / VSB verkfræðistofu verði tekið og að forstjóra verði veitt heimild til að skrifa undir samninga þar að lútandi.

Samþykkt samhljóða.

AP upplýsti að verið væri að vinna drög að samningi og kærufrestur vegna útboðsins væri ekki liðinn, en skrifað yrði undir samning eftir það.

12. Beiðni Fljótsdalshrepps um samstarf um byggðapróunarverkefni

AP og SBS fóru yfir bréf Fljótsdalshrepps þar sem óskað var eftir samstarfi um byggðapróunarverkefni. Staða sveitarfélagsins er að mörgu leyti óvenjuleg, fjárhagsstaða þess er óvenjulega sterk, litlar skuldir og mikið handbært fé frá rekstri. Gjaldprósentur í opinberum gjöldum eru lágar og ýmsir styrkir í boði fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þá eru innan marka sveitarfélagsins sterkir „seglar“ sem draga að sér ferðamenn og því fjölmörg sóknarfæri fyrir hendi til uppbyggingar. Fram kom í umræðum að rétt væri að hvetja sveitarstjórn til að leita ráðgjafar Austurbrúar og eftir atvikum í samstarfi við Austurbrú að ráða að verkefninu sjálfstætt starfandi ráðgjafa sé það talið heppilegt. Forstjóra var falið að svara erindinu

13. Önnur mál

Úthlutun aflamarks á Raufarhöfn

AP sagði frá því að ekki hefði enn tekist að úthluta aflamarki til Raufarhafnar. Fyrirtækin GPG og Hólmsteinn Helgason sóttu um og hefur verið unnið að því að fá þau til samvinnu

en það ekki tekist. AÐ ræddi þann möguleika að halda símafund hjá stjórn til að afgreiða málið og þá kannski í næstu viku.

...

14. Næsti fundur

Næsti fundur verður föstudaginn 31. mars kl. 17:00 í Reykjavík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:31

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
